

Alþingi  
Erindi nr. P 121/1897  
komudagur 2.5.197

**DÓMARAFÉLAG ÍSLANDS**  
**DÓMHÚSINU VIÐ LÆKJARTORG**  
**150 REYKJAVÍK**

Reykjavík, 29. apríl 1997

Dómarafélagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til lögræðislaga, sem lagt var fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi (1996-97). Hefur athugun félagsins einkum beinst að málsmeðferðarreglum II. og III. kafla frumvarpsins, en þeir kaflar taka til sviptingar lögræðis og nauðungarvistunar.

Að mati félagsins er hér um merka og vandaða löggjafarsmíð að ræða, þar sem mælt er fyrir um verulegar réttarbætur að ýmsu leyti frá því, sem nú er. Lýsir félagið því yfir fullum stuðningi við frumvarpið.

Hvað varðar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins er þetta að segja:

a. Lagt er til, að 1. ml. 4. mgr. 10. gr. frumvarpsins verði felldur niður og málsgreinin verði orðuð svo í heild sinni:

"Dómari skal eftir að rannsókn máls er lokið gefa lögmanni varnaraðila kost á munnlegri vörn áður en mál er tekið til úrskurðar."

Telja verður, að ofangreind breyting leiði bæði til skilvirkari málsmeðferðar og hagræðis fyrir verjanda. Hefur reynslan leitt í ljós, að það fyrirkomulag, að viðhafa skriflega vörn í lögræðissviptingarmálum, getur orðið til seinkunar á lyktum máls, en auk þess verður að telja, að hún sé tímaskekkja og tryggi ekki á nokkurn hátt betur réttaröryggi varnaraðila, en munnleg vörn gerir. Á það er ennfremur að líta, að vel hefur reynst að láta verjendur færa fram munnlega vörn í þessum málum. Er af hálfu félagsins lögð sérstök áhersla á, að þessi breyting nái fram að ganga.


b. Í 1. ml. 1. mgr. mgr. 14. gr. segir, að ekki megi birta almenningi á nokkurn hátt annað af því, sem fram hefur komið í máli til sviptingar lögræðis, en úrskurðinn. Félagið telur, að ekki verði séð, að "almenningur" hafi hag af birtingu forsendna úrskurðar um sviptingu lögræðis. Í forsendum kemur yfirleitt ýmislegt fram, sem snertir heilsu og hagi viðkomandi, sem "almenningi" kemur ekki við. Þótt leyfis dómara sé krafist, getur þetta leitt til þess, að hann skirrðist við að hafa forsendur jafn ítarlegar og ástæða væri til. Er því lagt til, að greininni verði breytt í þá veru, að í stað "...úrskurðinn" í niðurlagi hennar komi "úrskurðarorð." Er þannig talið rétt að ganga lengra í því að vernda úrskurðarþola og nánustu vandamenn hans, en ráðgert er í frumvarpinu.

c. Lagt er til, að við 3. mgr. 30. gr. bætist: "Í kröfunni skal koma fram hvort óskað er skipunar ákveðins talsmanns og ef svo er hver það eigi að vera."

Til grundvallar þessari viðbót liggur það sjónarmið, að það sé í þágu skjóts framgangs málsins og til frekari hagræðingar, að dómari geti skipað nauðungarvistuðum manni talsmann um leið og honum berst krafa um, að vistinni verði aflétt.

Í samræmi við ofangreinda breytingu þyrfti að bæta við í beinu framhaldi af niðurlagi 1. mgr. 31. gr. "... hafi sú ósk ekki þegar komið fram."

F.h. stjórnar Dómarafélags Íslands,

  
Helgi I. Jónsson

Skrifstofa Alþingis við Austurvöll,  
b.t. formanns allsherjarnefndar,  
150 Reykjavík